



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/625
komudagur 3.12.2007

Reykjavík, 29. nóvember 2007
R07110098
175

Alþingi - Allsherjarnefnd
Selma Hafliðadóttir
Alþingi
101 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn slökkviliðsstjóra frá 28. þ.m. um frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Gunnar Eydal
e.u.



Málsnr.: R 07 11 0098
Skjalasafn Ráðhúss
28 NOV. 2007
Bréfalykill: 175

28. nóvember 2007

Til borgarráðs

Undirritaður hefur að beiðni borgarlögmanns farið yfir frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, 191. mál, heildarlög. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarpið:

Almennt

Í 8. gr. núgildandi laga er ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laganna. Samráðsnefndin hefur ekki verið virk og er það miður, en í stað þess að leggja hana niður, ætti að stokka hana upp og fela henni áfram eftirlitshlutverk og fari að lágmarki árlega yfir markmið og árangur. Því er lagt til að núverandi lagatexti um samráðsnefnd haldi sér með ákveðnum breytingum.

„Ráðherra skipar samráðsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laga þessa og reglugerða setta á grundvelli laganna. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ráðuneytum og stofnunum sem sinna málum er lög þessi taka til, s.s. Ríkislögreglustjóra, Brunamálastofnun, og einnig landssamtökum Björgunarsveita og annarra aðila sem vinna verkefni á sviði laganna. Ráðherra ákveður nánar í reglugerð hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í nefndina og setur nánari reglugerð um starfsvið hennar.”

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að allir viðbragðsaðilar skuli hafa aðgang að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar. Þótt tilgangur ákvæðisins sé góður og taka beri undir hann þá þarf að afmarka betur í hverju aðgangurinn skuli fólgin og hvernig greiða skuli fyrir þann aðgang. Þá er nauðsynlegt að rýna betur í kostnaðaraukningu sveitarfélaga vegna þess. Lagt er til að ríki og sveitarfélög sjái um aðgang viðbragðsaðila að kerfinu án þess að það endurspeglit í afnotagjöldum þeirra, en á þann hátt verður best tryggð öflug notkun viðbragðsaðila á kerfinu. Einnig er nauðsynlegt að dómsmálaráðherra setji gjaldskrá fyrir viðtækari þjónustu til viðbragðsaðila og einnig fyrir afnotagjöld að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar, sjá nánar athugasemd við 9. gr.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um skráningu og afrit af þeim. Hér vantar nauðsynlega að setja inn frekari ákvæði um skyldu til að skrá tímasetningar s.s. hvenær símtali er svarað, viðbragðsaðilar voru boðaðir, hvenær þeir staðfesta boðun og eru á staðnum. Þetta

verður að vera til staðar til að taka af allan vafa og tryggja gæði og eftirfylgni veittrar þjónustu.

- hvaðan er hringt
- hvenær er hringt
- hvenær er svarað (svartíma)
- hver hringir
- hvers vegna er hringt
- hvenær viðbragðsaðilar eru boðaðir (greiningartími)
- hvenær viðbragðsaðilar staðfesta boðun
- hvenær viðbragðsaðili er á staðnum

Um 6. gr.

Í 6. gr. þarf að skilgreina skyldu vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar að veita viðbragðsaðilum allar þær upplýsingar sem eru skráðar um þá atburði sem eru á þeirra þjónustu- og/eða ábyrgðasvæði, þar á meðal skráðar upplýsingar skv. 5. grein. Upplýsingar skulu veittar á rafrænu formi og viðbragðsaðila að kostnaðarlausu. Einnig þarf að tryggja að vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar veiti ekki öðrum upplýsingar um einstaka atburði nema með samþykki og vitund hlutaðeigandi viðbragðsaðila.


Um 9. gr.

Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein, þar sem segir svo:

„Ráðherra setur, að höfðu samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga, reglugerð þar sem nánar er mælt fyrir um gjaldskrá viðtækari þjónustu til viðbragðsaðila og einnig fyrir afnotagjöld að öryggis- og fjarskiptakerfi samræmdrar neyðarsvörunar.”

Einnig er lagt til að í upptalningu um nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara komi fram hámarks svartími og greiningartími vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar. Svartíma er hægt að skilgreina frá því að þeir sem leita eftir aðstoð hringja þar til þeim er svarað. Greiningartími er sá tími sem líður frá því að vaktstöð hefur svarað þar til hún hefur boðað viðeigandi viðbragðsaðila. Slíkar skilgreiningar eru víða erlendis í lögum og/eða reglugerðum til að ákveða gæði þjónustu til almennings.

Virðingarfyllt,



Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri.